

Ed.

307. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið á fundi til sín biskupinn yfir Íslandi og formann Prestafélags Íslands. Þá hafa nefndinni borizt erindi frá biskupi, stjórn Prestafélagsins og fleiri aðilum, og mun verða gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þskj., en nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja frekari brtt. við frv. og að fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 28. jan. 1970.

Auður Auðuns,
form., frsm.
Steinþór Gestsson.

Ólafur Björnsson,
fundaskr.

Páll Þorsteinsson.

Kristján Thorlacius.

Jón Þorsteinsson.

Gils Guðmundsson,
með fyrirvara.